

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. febrúar 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrá, 93. mál**

Samtök fjármálafyrirtækja og Samtök atvinnulífsins (samtökin) vísa til frumvarps til laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrá sem lagt var fram á Alþingi 22. janúar sl. Samtökin styðja lögfestingu frumvarpsins en vilja vekja athygli á eftirfarandi atriðum.

**1. Refsirammi**

Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, um að miðlægur mótaðili megi ekki starfa án starfsleyfis. Umfjöllun um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðarinnar er í 1. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 22. gr. hennar. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar skulu aðildarríki setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum í 2. bálki reglugerðarinnar, og skulu viðurlögin fela í sér a.m.k. stjórnslusektir, viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Í 3. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar segir að hvert aðildarríki skuli sjá til þess að leggja viðeigandi stjórnsluráðstafanir, í samræmi við landslög, gegn einstaklingum eða lögaðilum sem bera ábyrgð á að ekki sé farið eftir þessari reglugerð. Þegar þessi ákvæði reglugerðarinnar eru skoðuð sést að 1. mgr. 14. gr. sem fjallar um starfsleyfi miðlægs mótaðila fellur ekki undir 2. bálk reglugerðarinnar og er því ekki gert ráð fyrir að hún falli undir viðurlagaákvæði 12. gr. reglugerðarinnar. Hins vegar fellur 1. mgr. 14. gr. undir viðurlagaákvæði 3. mgr. 22. gr. og því erfitt að sjá hvers vegna löggjafinn telur að hér á landi þurfi að setja séríslenska reglu um að brot gegn þessu ákvæði geti varðað allt að tveggja ára fangelsi og er því að leggja til mun þyngri refsingu en reglugerðin segir til um. Ekki er að finna nein rök fyrir því í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna löggjafinn leggi til svo íþyngjandi refsiaákvæði við broti gegn 1. mgr. 14. gr. Samtökin ítreka mikilvægi þess að tryggja sem best samræmi í innleiðingu EES – reglna hér á landi og að ekki verði til íþyngjandi séríslenskar reglur nema brýna nauðsyn beri til.

Í þessu samhengi telja samtökin einnig mikilvægt að líta til þess að ákvæði frumvarpsins um refsheimild hafa enga verknadarlýsingu sem marka refsinaemi verknadar þar sem ekki er gert ráð fyrir að reglugerðin sé hluti af lögunum. Samtökin telja að þegar er verið að setja jafn íþyngjandi lagaákvæði og refsiaákvæði eru sé nauðsynlegt að reglugerðin fylgi með sem viðauki en ekki sé nóg að vísa í reglugerðina í EES- viðbæti eins og hér er gert.

## 2. Afturvirkni laganna

Gert er ráð fyrir að lögini taki gildi 1. október 2018. Samtökin telja að sú dagsetning veiti fjármálafyrirtækjum nægilegt ráðrúm til þess að undirbúa sig fyrir gildistöku laganna.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar skal tilkynna upplýsingar um alla afleiðusamninga og allar breytingar eða uppsögn á samningnum til afleiðuviðskiptaskrár. Hér á landi mun tilkynningarskyldan gilda um alla afleiðusamninga sem voru opnir eða gerðir eftir 1. júlí 2017, sem er dagurinn sem ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar tók gildi og reglugerðin varð hluti af EES- rétti, sbr. 3. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016, um breytingu á IX. viðauka ( Fjármálaþjónusta) við EES samninginn. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa fram að þessu almennt ekki safnað saman með skipulögðum hætti upplýsingum um þau atriði sem tilkynna skal samkvæmt reglugerðinni. Enda voru engar lagakröfur til staðar um að skylt hafi verið að safna þessum upplýsingum. Samtökin telja að afturvirk skýrsluskil séu nánast ómöguleg í framkvæmd.

Samtökin hafa upplýst Fjármálaeftirlitið um þetta vandamál og vonast til að lausn finnist á málinu í samvinnu við það.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Unnur Elfa Hallsteinsdóttir, lögfræðingur